

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2023, föstudaginn 13. október var haldinn 99. fundur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Hofi og hófst kl. 09:35. Viðstödd voru: Skúli Helgason formaður, Kjartan Magnússon, Kristinn Jón Ólafsson, Pawel Bartoszek, Ragnhildur Alda Vilhjámsdóttir, Sabine Leskopf og Stefán Pálsson. Erling Jóhannesson áheyrnarfulltrúi BÍL. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Eiríkur Björn Björgvinsson, Steinþór Einarsson, María Rut Reynisdóttir og Helga Björnsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á Leikfélagi Reykjavíkur.
Brynhildur Guðjónsdóttir og Kristín Ögmundsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer kynning á skapandi starfsemi í húsnæði Reykjavíkurborgar.
Óli Jón Hertervig og Daniela Katarzyna Zbikowska frá Eignaskrifstofu taka sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Lagt fram matsblað fyrir styrkumsóknir í borgarsjóð á sviði menningarmála.
4. Lagður fram undirskriftalisti Sund- og sjóðbaðsfélags Reykjavíkur dags. 28. september 2023 varðandi opnunartíma á Ylströndinni í Nauthólsvík.
 - kl. 11:20 vikur Erling Jóhannesson af fundi.
 - kl. 11:40 tekur Anna Karen Arnarsdóttir fjármálastjóri sæti á fundinum.
5. Lögð fram fjárhagsáætlun menningar- og íþróttaráðs fyrir árið 2024. Trúnaðarmál. Fjárhagsáætluninni er vísað til borgarráðs.
Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram bókun sem lögð er fram í trúnaðarbók.
6. Sviðsstjóri fór yfir framgang vinnu við sameiningu á nýju sviði.
7. Lagt fram svar sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði 21. september 2023 um skíðalyftuna í Breiðholti.
8. Lagt fram svar deildarstjóra safneignar og rannsókna Listasafns Reykjavíkur við fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna í menningar-, íþróttá- og tómsundaráði um ástand listaverka í almannarými í eigu borgarinnar.
9. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:
Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað Reykjavíkurborgar vegna borgarhátíða og aðrar hátíðir í borginni síðustu þrjú ár, 2021-2023.
10. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:
Lagt er til að við sameiningu málaflokka íþróttamála, menningarmála og tómsundamála, verði heiti hins nýja sviðs „íþróttá- og menningarsvið“. Heiti ráðsins verði „íþróttá- og menningarráð“. Með því að láta stafrófsröð ráða í heitinu er lögð áhersla á að þessir mikilvægu málaflokkar séu jafnrétt háir í starfsemi Reykjavíkurborgar.

Frestað.

Fundi slitið kl. 11:55.

Skúli Helgason

Kristinn Jón Ólafsson
Sabine Leskopf
Ragnildur Alda Vilhjálmsdóttir

Pawel Bartoszek
Stefán Pálsson
Kjartan Magnússon